

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,  
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?




## Frá sveitasjúkrastofu Búlgakovs til róttækra krabbameinsaðgerða Halsteds

Það eru fáar spurningar sem segja jafn mikið um mann og sú hvaða bækur hafi haft áhrif á hann. Í slíku svári felst í raun lítil sjálfsævisaga. Bækurnar sem móta okkur hafa áhrif langt út fyrir lesturinn sjálfan og breyta sýn okkar á fólki, vísindum og starfi.

Ein bók sem hefur haft sérstök áhrif á mig er *Dagbók læknis* eftir Mikhaíl Búlgakov. Þar lýsir hann reynslu sinni sem unglæknir á sveitasjúkrastofu í Rússlandi í byrjun síðustu aldar. Hann fangar á einstakan hátt þá óvissu sem fylgir því að bera ábyrgð á lífi og limum annarra án þess að vera alltaf viss um rétta leið. Búlgakov neyðist til að framkvæma aðgerðir sem hann hefur aðeins lesið um, bráða barkaraufun, aflimun og innri vendingu á fóstri. Á slíkum augnablikum verða fræðin að raunveruleika. Flestir læknar muna eftir fyrsta skiptið sem þeir standa frammi fyrir slíkri ábyrgð. Þá verður ljóst að læknisfræðin er ekki aðeins fræði heldur ábyrgð. Sérstaklega er eftirminnileg saga Polyakovs sem þróar með sér morfíníkn og endar líf sitt með harmrænum hætti. Þar lýsir Búlgakov einangrun og andlegu álagi læknisstarfsins af mikilli nákvæmni. Í *Hundshjarta* gengur Búlgakov lengra og varar við oftrú á vísindunum. Þar umbreytir prófessor Preobrazhensky flækingshundi í manneskju sem reynist siðferðilega misheppnuð. Sagan minnir okkur á að tæknileg geta án siðferðis getur verið hættuleg.

Af fræðilegum bókum hefur *The Structure of Scientific Revolutions* eftir Thomas Kuhn haft djúp áhrif. Kuhn sýnir að vísindin þróast ekki jafnt og þétt

heldur í stökkum, paradigmskiptum. Nýjar hugmyndir mæta oft mótstöðu og verða ekki viðurkenndar fyrr en síðar, þegar „gamla kynslóðin“ hefur látið af störfum. Aðrar fræðibækur sem fjalla sérstaklega um sögu læknisfræðarinnar og er vert að nefna eru bækurnar *The Emperor of All Maladies* og *Empire of the Scalpel*. Í þeirri fyrrnefndu rekur Siddhartha Mukherjee sögu krabbameins og þróun meðferðar þess á mjög áhuga-verðan og skemmtilegan hátt. Þá varpar hann sérstaklega ljósi á sögu fólksins



sem hefur komið að helstu uppgötvunum á sviðinu.

Í *Empire of the Scalpel* lýsir Ira Rutkow sögu skurðlækninga og frumkvöðlum á borð við Paré, Hunter, Lister, Billroth og Halsted. Sérstaklega er áhugavert að lesa um Halsted og hugmyndafræði hans um róttækar krabbameinsaðgerðir. Enn í dag byggja margar aðgerðir á þeirri hugsun, nákvæmri líffærafræðilegri krufningu og fjarlægingu æxlis í heild með tilheyrandi eitlavef. Þessa hugsun má til dæmis sjá í þróun nútíma endaparmskrabbameins-skurðlækninga með *Total Mesorec-*



### Valentínus Valdimarsson

ristil- og endaparmskurðlæknir  
og krabbameinsskurðlæknir  
Háskólasjúkrahúsins á Skáni, Svíþjóð

*tal Excision* sem Bill Heald lýsti á níunda áratugnum og á þróun róttækra aðgerða við lífhimnukrabbameinum í starfi Paul Sugarbaker. Í starfi mínu hef ég verið þeirra gæfu aðnjótandi að hitta þessa félag og ræða við þá um sögu nútíma skurðlækninga. Í raun er þróun krabbameinsskurðlækninga samfelld saga.

Frá Halsted til Heald og Sugarbaker og áfram til þeirrar fjölpátta meðferðar sem við notum í dag.

Frá unglækninum hjá Búlgakov til paradigmskipta Kuhn og róttækra aðgerða Halsted má sjá sömu leit læknisfræðinnar að betri skilningi og betri meðferð.

Að endingu vil ég skora á prófessor Martin Inga að veita lesendum innsýn í þær bækur sem hafa mótað hann.

Ég skora á Martin Inga Sigurðsson  
að skrifa næsta bókapistil.